

# ÁRSSKÝRSLA 2026

## BORÐTENNISAMBAND ÍSLANDS

**Stjórn BTÍ: 11. maí 2025 – 10. maí 2026**

Formaður: Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Varaformaður: Guðrún Gestsdóttir

Gjaldkeri: Már Wolfgang Mixa

Ritari: Sigurjón Ólafsson

Meðstjórnandi: Jóhann Ingi Benediktsson

Varamenn: Pétur Stephensen, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, Rubén Illera Lopez

## Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>2</b>
<b>1. Ársþing BTÍ 2025</b>	<b>3</b>
<b>2. Landsliðs- og unglíngalandsliðsverkefni maí 2025 – maí 2026</b>	<b>4</b>
Maí 2025	4
Júlí 2025	4
Ágúst 2025	6
Desember 2025	7
Janúar 2026	7
Apríl 2026	7
<b>3. Mót innanlands maí 2025 – apríl 2026</b>	<b>9</b>
Maí 2025	9
Júní 2025	10
Október 2025	10
Janúar 2026	10
Febrúar 2026	11
Mars 2026	12
Apríl 2026	13
<b>4. Deildakeppni 2025–2026</b>	<b>14</b>
September 2025 – febrúar 2026 (deildaveturinn)	14
Apríl 2026 – Úrslit í deildinni	15
<b>5. Útbreiðsluverkefni</b>	<b>16</b>
<b>6. Önnur verkefni</b>	<b>18</b>
<b>7. Borðtennisfólk ársins</b>	<b>19</b>
<b>8. Umferð um vef Borðtennissambands Íslands og samfélagsmiðlar</b>	<b>20</b>

## 1. Ársþing BTÍ 2025

Ársþing BTÍ var haldið í húsnæði ÍSí í Laugardal sunnudaginn 11. maí 2025. Stjórn BTÍ 2024-2025 var endurkjörin. Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna var á enda, þeirra Guðrúnar Gestsdóttur og Más Wolfgangs Mixa. Þau gáfu bæði kost á sér áfram og voru sjálfkjörin til tveggja ára. Rubén Illera Lopez kom nýr inn í varastjórn í stað Jóns Gunnarssonar. Þá fengu tveir gullmerki BTÍ á þinginu: Ólafur Elí Magnússon borðtennisfrömuður úr Dímon á Hvolsvelli og Kári Mímisson borðtennismaður, sem varð fyrstur borðtennismanna til að taka sæti í framkvæmdastjórn ÍSí.



## 2. Landsliðs- og unglingslandslíðsverkefni maí 2025 – maí 2026

Hér má finna helstu viðburði í landsliðsverkefnum síðastliðna 12 mánuði. Ekki er um tæmandi yfirlit að ræða og finna má nánari upplýsingar um hvern viðburð á [bordtennis.is](http://bordtennis.is).



### Maí 2025

#### **Peter Nilsson heiðursfélagi BTÍ**

Peter Nilsson landsliðsþjálfari, var útnefndur heiðurfélagi BTÍ og fékk afhent heiðursmerki og gullmerki sambandsins þann 4. maí 2025. Peter lét af störfum sem landsliðsþjálfari þessu sinni sumarið 2025 eftir fjögurra ára frábært samstarf.

#### **Leikmenn á Smáþjóðaleikunum í Andorra**

A-landsliðið keppti á Smáþjóðaleikunum í Andorra 26.–31. maí og leikmenn voru Aldís Rún Lárusdóttir, KR, Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi, Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Nevena Tasic, Víkingi. Peter Nilsson, landsliðsþjálfari, var með í för.

Ingi Darvis Rodriguez náði lengst íslensku keppendanna og lenti í 5.–8. sæti í einliðaleik karla. Hann lagði Lorenzo Ragni frá San Marínó 3–0 og Obed Asenio frá Andorra 3–2 en tapaði 0–3 fyrir Luca Mladenovic frá Lúxemborg í 8 manna úrslitum. Í tvíliðaleik sigruðu Ingi Darvis og Magnús Gauti Svartfjallaland 3–0 en töpuðu báðir fyrir Lúxemborg og San Marínó.

#### **Unglingslandslíðið í Gautaborg**

Benedikt Darri og Darian Adam úr HK, Benedikt Aron úr Víkingi og Helena, Lúkas og Viktor úr KR áttu gott mót í Gautaborg í lok júní á Lekstorps Sommarpool, en þau sigruðu öll í sínum flokki. Þá áttu fleiri gott mót og komust fjölmörg á pall.


### Júlí 2025

#### **EM unglunga í Ostrava í Tékklandi**

Íslenska unglíngalandsliðið keppti á EM unglínga í Ostrava í Tékklandi 11.–20. júlí. Ísland sendi lið til keppni í þremur flokkum: sveinar/kadett (15 ára og yngri), meyjjar/kadett (15 ára og yngri) og drengir/junior (16–18 ára). Þjálfarar í ferðinni voru Tómas Ingi Shelton og Gestur Gunnarsson.

Meyjaliðið (Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir) vann tvo liðsleiki á mótinu, fyrst gegn Noregi 3–1 og síðan gegn Skotlandi 3–1. Guðbjörg Vala sýndi frábæran árangur í einstaklingsleikjum og komst upp úr riðli í einliðaleik meylla.

Drengjaliðið (Alexander Ivanov, Benedikt Aron Jóhannsson og Darian Adam Róbertsson Kinghorn) vann einn liðsleik á mótinu. Sveinaliðið (Heiðar Leó Sölvason, Kristján Ágúst Ármann og Lúkas André Ólason) lék af kappi en vann ekki liðsleik.



## Guðbjörg Vala og Kristján Ágúst á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR, og Kristján Ágúst Ármann, BH, voru fulltrúar Íslands í borðtenniskeppninni á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) í Skopje í Norður-Makedóníu. Kristján var fánaberi Íslands á setningarathöfninni 20. júlí. Borðtenniskeppnin stóð 22.–26. júlí og spiluðu leikmenn vel við krefjandi keppnisaðstæður.

Sjaldgæft er að borðtennisviðburður sé hluti af þessu móti, sem haldið er annað hvert ár, en það var síðast 2007 í Belgrad, Serbíu.



## Ágúst 2025

### Sindre Áteigen ráðinn landsliðsþjálfari

Eftir auglýsingu og ráðningarferli réð Borðtennissamband Íslands hinn norska Sindre Áteigen sem landsliðsþjálfara Íslands þann 1. ágúst 2025. Sindre heldur æfingabúðir nánast mánaðarlega á Íslandi yfir veturinn og starfar jafnframt sem yfirþjálfari norska borðtennisfélagsins B72 í Lørenskog við Osló. Sindre hefur sinnt starfinu af metnaði og drifkrafti og sýnt að hann sé ætíð reiðubúinn að miðla af þekkingu sinni, bæði til einstaklinga og félaga.

### Ársæll Aðalsteinsson ráðinn aðstoðarlandsliðsþjálfari

BTÍ komst að samkomulagi við Ársæll Aðalsteinsson, fyrrum yfirþjálfara Borðtennisdeildar Víkings, um að sinna starfi aðstoðarlandsliðsþjálfara veturinn 2025–2026. Ársæll hefur haldið 3 unglíngalandsliðsæfingar, tvær A-landsliðsæfingar og eina U13 æfingu í mánuði hverjum yfir keppnistímabilið við góðan orðstír.



## Desember 2025

### Ingi Darvis og Matthías Þór á Finlandia Open

Tveir íslenskir leikmenn, Ingi Darvis Rodriguez og Matthías Þór Sandholt, léku á Finlandia Open í Finnlandi 4.–7. desember. Ingi Darvis náði 43. sæti og Matthías 50. sæti. Matthías komst í 32-manna úrslit í U21 árs flokki.



## Janúar 2026

### BH í Europe Trophy keppninni

Karlalið BH tók þátt í Europe Trophy keppninni í Eistlandi helgina 16.–18. janúar 2026. Liðið tapaði leikjum sínum en Magnús Jóhann Hjartarson vann leik gegn Litháum.

## Apríl 2026



### **Youth Championships í Linz í Austurríki**

Íslenska unglíngalandsliðið keppti á 25. Youth Championships í Linz 2.–6. apríl. Sveinaliðið (undir 15 ára) var í 2. sæti í sínum flokki og hlaut silfurverðlaun og drengjaliðið hafnaði í 3. sæti og fékk bronsverðlaun.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir sigraði í B-keppni í einliðaleik stúlkna undir 17 ára – frábær persónulegur árangur. Leikmenn voru:

#### **Undir 19 ára drengir:**

Alexander Ivanov, BH

Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi

#### **Undir 17 ára stúlkur:**

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR

Helena Árnadóttir, KR

#### **Undir 17 ára drengir:**

Kristján Ágúst Ármann, BH

Lasse Bekkebråten (norskur)

Heiðar Leó Sölvason, BH

Víktor Daníel Pulgar, KR

#### **Undir 15 ára sveinar:**

Lúkas André Ólason, KR

Jørgen Gravseth (norskur)

### 3. Mót innanlands maí 2025 – apríl 2026

Líflegt mótahald var keppnistímabilið 2025–2026. Fjöldi móta var haldinn og hér verður stiklað á stóru í mótahaldi vetrarins auk móta sem voru haldin vor og sumar 2025. Á [bordtennis.is](http://bordtennis.is) má finna fréttir af öllum mótum sem voru haldin með nánari upplýsingum.

#### Maí 2025

##### Lokamót Ice-Group

Birgir Ívarsson og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir stóðu uppi sem sigurvegarar á Lokamóti Ice-Group sem fór fram föstudaginn 16. maí í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Birgir vann Magnús Jóhann Hjartarson í spennandi úrslitaleik sem fór í oddalotu 4–3. Guðbjörg Vala hafði betur gegn Halldóru Ólafs 4–2. Ice-Group styrkti mótið með peningaverðlaunum að fjárhæð 70.000 kr. auk frekari vinninga.



##### Íslandsmót öldunga

Íslandsmót öldunga 2025 var haldið í Íþróttahúsi Snælandsskóla í Kópavogi laugardaginn 10. maí. Keppendur komu í fyrsta sinn frá Leikni, Umf. Smára og Umf. Vísi. Aldís Rún Lárusdóttir, KR, varð þrefaldur meistari. Bjarni Þorgeir Bjarnason, HK, Guðrún Gestsdóttir, KR, Ingólfur Ingólfsson, KR og Sighvatur Karlsson, Víkingi, urðu tvöfaldir meistarar.



## Júní 2025

### Mót í Bolungarvík

Fyrsta borðtennismót Borðtennisdeildar Ungmennafélags Bolungarvíkur fór fram á Sjómannadagshelginni. Alls tóku 11 keppendur þátt.



## Október 2025

### Hjálmarsmót KR

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Óskar Agnarsson sigruðu í elite flokkum á Hjálmarsmóti KR í október.

### Íslandsmót í flokkakeppni unglinga

BH, Dímon, Garpur, HK, KR og Laugdælir unnu flokkakeppnistitlana á Íslandsmóti í flokkakeppni unglinga 11. október á Hvolsvelli.

## Janúar 2026

### BH Open 2026

Maksymilian Alot frá IFK Lund og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR, sigruðu í meistaraflokkum elite karla og kvenna á BH Open, sem fór fram í Hafnarfirði 23.–25. janúar. Skráðir keppendur í einstaklingsflokka voru 155 og rúmlega 40 lið tóku þátt í liðakeppni. Keppendur komu frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum og Svíþjóð.



## Reykjavíkurlíkarnir 24. janúar

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Maksymilian Alot sigruðu á Reykjavíkurlíkjamótinu 24. janúar í TBR-Íþróttahúsinu.

## Febrúar 2026

### Bikarkeppni félaga 14. febrúar

Bikarkeppnin 2026 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 14. febrúar 2026 í umsjón borðtennisdeildar Víkings. Sjö lið lið kepptu um bikarmeistaratitilinn, eitt frá Víkingi og sex frá KR.

Liðin voru þannig skipuð:

Víkingur: Magnea Ólafs, Daði, Magnús H.

KR A: Guðbjörg Vala, Pétur G., Lúkas

KR B: Helena, Karl, Viktor

KR C: Marta Dögg, Luca, Magnús Thor

KR D: Þórunn Erla, Elvar, Skúli

KR E: Guðrún G., Hannes, Bjarni B.

KR F: Anna Marczak, Jón H, Baldvin

Í undanúrslitum sigraði A lið KR lið KR F 4 – 0 og lið Víkings sigraði lið KR B 4 – 2.

Úrslitaleikinn léku því lið KR A (Guðbjörg Vala, Lúkas og Pétur G) gegn liði Víkings (Magnea, Daði og Magnús H.)

Lið KR A sigraði 4 – 2 eftir spennandi og skemmtilega úrslitaleiki.

### Íslandsmót fatlaðra 7. mars

Björgvin Ingi Ólafsson og Anna Karen Malmquist sigruðu í opnum flokki á Íslandsmóti fatlaðra sem fram fór í Íþróttahúsi ÍFR laugardaginn 7. mars. Keppendur á mótinu voru 28 frá fjórum félögum. Í samræmi við reglugerðarbreytingar stjórnar gildi mótið í fyrsta sinn til stiga á styrkleikalista BTÍ og verður svo framvegis.



## Fimmtán nýir landsdómarar

Laugardaginn 15. febrúar fór fram dómaramámskeið og landsdómarapróf í húsnæði ÍSÍ. Jóhannes Bjarki Urbancic alþjóðadómari hafði umsjón með námskeiðinu. Tókst 15 af 17 þátttakendum að ljúka prófinu og öðlast landsdómararéttindi BTÍ. Þrír nýir dómarar á Vestfjörðum bættust jafnframt í hópinn eftir námskeið Jóhannesar þar 22. febrúar.

## Mars 2026

### Íslandsmót fullorðinna

Íslandsmót fullorðinna í borðtennis fór fram í lok febrúar og byrjun mars 2026.

Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi og Sól Kristínardóttir Mixa, BH, urðu Íslandsmeistarar í einliðaleik. Sól sigraði eftir frábæra endurkomu í úrslitaleiknum – hún var 3–0 og 8–9 undir í fjórðu lotu en vann 4–3. Ingi Darvis vann Birgi Ívarsson örugglega 4–0.

Nevena Tasic og Ingi Darvis, Víkingi urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik eftir að hafa sigrað systkinin Guðbjörgu Völu Gunnarsdóttur og Gest Gunnarsson, KR. Ingi Darvis Rodriguez og Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik karla og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir, KR urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik kvenna.

Heiðar Leó Sölvason, BH og Helena Árnadóttir, KR; Hergill Frosti Friðriksson, BH og Þórunn Erla Gunnarsdóttir, KR urðu Íslandsmeistarar í 1. og 2. flokki en þetta var fyrsta árið þar sem keppni í 1. og 2. flokki fór fram á annarri keppnishelgi en meistaraflokkarnir – og mæltist það vel fyrir. Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ setti Íslandsmótið í meistaraflokki með því að taka upphafsstigið við Inga Darvis og veitti sömuleiðis bikarana í verðlaunaafhendingunni.



## Íslandsmót unglunga

Íslandsmót unglunga 2026 var haldið í Vallaskóla á Selfossi 28. febrúar – 1. mars en þetta var í fyrsta skiptið sem mótið var haldið á Selfossi. Meðþátttaka var á mótinu og voru skráðir keppendur alls 130 frá 15 félögum. Aldrei hafa fleiri félög keppt á mótinu. Keppt var í 17 flokkum.

Íslandsmeistarar komu frá félögum BH, Dímon, Garpi, HK, ÍFR, KR, Umf. Vísi og Víkingi.

Þær Agnes Lovísa Jóhannsdóttir úr ÍFR og Anna Karen Malmquist, Umf. Vísi, unnu fyrstu titla sinna félaga á Íslandsmóti unglunga þegar þær sigruðu í tvíliðaleik meyjja 14-15 ára. Umf. Gnúpverja fékk sín fyrstu verðlaun á Íslandsmóti í borðtennis þegar Ingibjörg Halla Gestsdóttir fékk brons í einliðaleik táta 11 ára og yngri.

Að þessu sinni vann enginn leikmaður alla þrjá titlana í sínum flokki, sem er óvenjulegt. Þau Brynjar Gylfi Malmquist, HK; Benedikt Darri Malmquist, HK; Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR; Guðný Lilja Pálmadóttir, Garpi; Helena Árnadóttir, KR; Júlía Fönn Freysdóttir, KR og Lúkas André Ólason, KR urðu tvöfaldir meistarar á mótinu.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir hélt sigurgöngu sinni áfram en hún hefur unnið sinn aldursflokk í einliðaleik á hverju ári frá 2019, að undanskildu árinu 2020 þegar mótið féll niður vegna kórónuveiru faraldursins.

## Apríl 2026

### Stórmót HK

Stórmót HK, sem er hluti af Lokamóti BTÍ, fór fram sunnudaginn 12. apríl í Snælandsskóla. Alls voru 32 keppendur skráðir til leiks og keppt var í 8 riðlum. Óskar Agnarsson úr HK stóð uppi sem sigurvegari eftir að hafa unnið Kristján Ágúst Ármann úr BH 4-1 (-3, 10, 10, 6, 6) í úrslitaleik.

Í undanúrslitum sigraði Óskar Eirík Loga Gunnarsson úr KR 4-0 og Kristján Ágúst vann Heiðar Leó Sölvason úr BH 4-1.

Kvennaflokkur féll niður vegna ónógrar þátttöku.



## 4. Deildakeppni 2025–2026

### September 2025 – febrúar 2026 (deildaveturinn)

Deildakeppnin hófst í september 2025 og lauk í apríl 2026. Keppt var í fjórum karladeildum og tveimur kvennadeildum. Þetta var í fyrsta sinn sem keppt var í fjórðu deild karla og stafar það af aukningu í fjölda liða.

#### 1. deild karla

Víkingur-A tryggði sér sigur í 1. deild karla og lauk keppni með 18 stig. BH-A hafnaði í 2. sæti með 16 stig. KR-A varð þriðji.

#### 2. deild karla


BH-C sigraði í 2. deild karla eftir beinan úrslitaleik við KR-C og leikur í 1. deild á næsta ári.

#### 3. deild karla

BR-B sigraði í 3. deild karla með 6–2 sigri á liði BM í lokaumferðinni.

#### 4. deild karla

Keppni fór fram í norður- og suðurriðli. Akur-A sigraði í norðurriðlinum og KR-F í suðurriðlinum.



## Apríl 2026 – Úrslit í deildinni

### Víkingur deildar- og Íslandsmeistari kvenna

Víkingur varð deildarmeistari í 1. deild kvenna eftir 6–0 sigur á KR A í lokaleiknum. Lið Víkings var skipað Anju Handén, Agnesi Svansson, Evu Jósteinsdóttur og Nevenu Tasic í síðustu tveimur leikjunum.

KR C sigraði í 2. deild kvenna en eftirtaldar voru í liðinu í vetur: Þórunn Erla Gunnarsdóttir, Marta Dögg Stefánsdóttir, Emma Niznianska, Ársól Clara Arnardóttir og Kristjana Áslaug Káradóttir Thors.

Ársól Clara Arnardóttir, Marta Dögg Stef.

### Víkingur-A Íslandsmeistari karla

Víkingur-A og BH-A mættust í úrslitum 1. deildar karla um Íslandsmeistaratitilinn 25. apríl og stóðu Víkingar uppi sem sigurvegarar. Liðið var skipað Inga Darvis Rodriguez, Alexander Fransson Klerc og Charlie Widing í úrslitaleiknum.



## 5. Útbreiðsluverkefni

Öflugt útbreiðslustarf var á árinu og fjalla fjölmargar fréttir á [bordtennis.is](http://bordtennis.is) um útbreiðslustarfið.

### Vestfirðir:

#### **Bolungarvík**

Fyrsta formlega borðtennismótið var haldið á sjómannadagshelginni í júní 2025 en borðtennisdeild var stofnuð í Bolungarvík í október 2024.

#### **Hólmavík**

Mánudaginn 2. júní 2025 klukkan 14:30 stóð Borðtennissamband Íslands fyrir borðtenniskynningu í félagsheimilinu á Hólmavík. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður, mætti og naut aðstoðar Magneu Drafnar Hlynsdóttur, formanns Ungmennafélagsins Geislans, við kennslu. Nítján grunnskólabörn, eða tæplega hálfur grunnskóli Hólmavíkur, mættu. Farið var í ýmsa leiki, eins og hringborðtennis, haldið á lofti og eldri börnin kepptu sín á milli.

Ágætis borðtennishefð hefur skapast hjá Ungmennafélaginu Geislanum, þar sem borðtennismót er haldið alla páska og vandað til dómgæslu. Þar að auki hefur borðtennis verið hluti af svokallaðari B-mótaröð félagsins, þar sem íþróttir sem byrja á B eru iðkaðar.

#### **Patreksfjörður**

Þau gleðitíðindi bárust Borðtennissambandi Íslands á starfsárinu að enn eitt íþróttafélagið hafi hafið vikulegar borðtennisæfingar: Íþróttafélagið Hörður á Patreksfirði.

Pawel Dobosz, sem æfði borðtennis í um áratug í Póllandi á sínum yngri árum hafði frumkvæði að starfinu og hefur boðið upp á æfingar alla miðvikudaga frá og með 3. september sl. auk þess að á laugardögum er opinn fjölskyldutími í íþróttahúsinu á Patreksfirði (ath. mynd að neðan er frá því áður en ný borð og net fengust).

Samkvæmt Birnu Friðbjörtu Stephensen Hannesdóttur formanni félagsins hafa um 8-10 krakkar verið að mæta og er mikill hugur í iðkendum sem eru það spenntir „að þau biðja um að vera í borðtennis í skólaíþróttum og á eftir æfingum ef íþróttahúsið er laust.“ Félagið sendi 9 leikmenn á Íslandsmót unglinga á Selfossi.

Bræðurnir Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson mættu á staðinn 22. febrúar sl. til að styðja við starfið og héldu æfingu og dómaramámskeið. Daginn áður héldu þeir einnig borðtenniskynningar á Drangnesi og í Hólmavík – sem tengist 1 m.kr. styrkveitingu sem verkefnið Borðtennis í brothættum byggðum á Vestfjörðum fékk haustið 2025. Vikulegar æfingar hafa einnig átt sér stað á Suðureyri, Flateyri, Bíldudal og Tálknafirði í vor og verður fjallað betur um það starf eftir heimsóknir sambandsins á dagskrá í vor.



## Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram um verslunarmannahelgina 2025 og var spilað í borðtennis á föstudeginum 1. ágúst. Þátttaka var mikil en alls voru 185 skráðir til leiks.

Kept var í eftirfarandi aldurs- og kynjaflokkum og voru úrslit birt á vef UMFÍ.

Stúlkur 11 – 12 ára

Stúlkur 13 – 14 ára

Stúlkur 15 – 18 ára

Piltar 11 – 12 ára

Piltar 13 – 14 ára

Piltar 15 – 18 ára

Keppnisfyrirkomulag var eftir Monrad kerfinu. Leikið var í tveimur lotum og ef sitthvor aðilinn vann eina lotu þá var jafntefli.

Spilað var í íþróttamiðstöð Egilsstaða á 8 borðum. Rafael Rökkvi, þjálfari Þrists og Vals, Freyr Ævarsson og Líska Leifsdóttir, formaður Hattar, stýrðu mótinu ásamt Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur formanni BTÍ.

UMFÍ veitti verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki.

## Önnur aðstoð

Stjórn BTÍ og starfsmaður BTÍ veittu skipulagsaðstoð við fjölda félaga á tímabilinu, svo sem við BM, Leikni, Garp, Gnúpverja, KR, BH, Umf. Laugdæla, Umf. Smára og Akur. Fjöldi fyrirspurna barst um æfingar á netfangið [boardtennis@boardtennis.is](mailto:boardtennis@boardtennis.is) og var iðkendum bent á æfingar í heimabyggð.

Tvö sterk íþróttafélög (utan Vestfjarða) óskuðu vorið 2026 eftir aðstoð við að hefja borðtennisæfingar á næstunni og hafa verið tengd við þjálfara í nágrenninu. Frekari fregnir af því síðar.

## 6. Önnur verkefni

### Kári endurkjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á Íþróttapingi ÍSÍ helgina 17. og 18. maí var kosið í framkvæmdastjórn hreyfingarinnar. Kári Mímisson, borðtennismaður, sem var í framboði ásamt átta öðrum varð efstur í kjörinu með 135 atkvæði af 145 mögulegum en alls voru sjö kosnir í framkvæmdastjórn.

BTÍ óskaði Kára til hamingju með kjörið en þetta er annað kjörtímabil hans. Fyrir tveimur árum fór hann inn í framkvæmdastjórn sem formaður íþróttamannanefndar.

Lesi má um kosningu í framkvæmdastjórn á vef ÍSÍ en á þinginu var Willum Þór Þórsson kjörinn forseti ÍSÍ. Willum æfði borðtennis með KR sem ungur maður og var frábært að fá hann með á Íslandsmót fullorðinna í mars, sbr. að ofan.

### Ný afreksstefna 2025–2030

BTÍ birti nýja afreksstefnu sem var kynnt á formannafundi 19. nóvember 2025. Stefnan var unnin á tímabilinu desember 2024 til nóvember 2025 og byggir m.a. á mati nýs landsliðsþjálfara Sindre Áteigen.

### Heimshátíð borðtennis til heilsubótar

Tveir íslenskir keppendur og dómari/þjálfari tóku þátt World Table Tennis for Health Festival (WTT4H), sem fram fór í Helsingborg í Svíþjóð 26.-30. nóvember.

Keppendur Íslands voru Atli Þór Þorvaldsson og Vilborg Jónsdóttir en þau kepptu í einliðaleik og tvenndarleik þeirra sem eru með Parkinson.

Vilborg keppti sömuleiðis á upphitunarmóti fyrir mótið.

Hannes Guðrúnarson var dómari á mótinu en hann er þjálfari Parkinson hópsins sem æfir í TBR.

Parkinsonsamtökin styrktu Atla og Vilborgu en styrktaraðilar Hannesar voru BTÍ, pingpong.is og PrentmetOddi.

### Styrktarsjóður BTÍ 2025–2026

Stjórn BTÍ afgreiddi í janúar umsóknir til Styrktarsjóðs BTÍ fyrir keppnistímabilið 2025 til 2026, sem uppfylltu markmið BTÍ. Alls bárust umsóknir frá tólf einstaklingum og ein frá félagi vegna mótahalds. Allir einstaklingarnir fengu styrk en umsóknum um einu frekara verkefni á vegum þeirra var hafnað.

#### Verkefnin voru (í stafrófsröð):

Benedikt Aron Jóhannsson og Eiríkur Logi Gunnarsson fengu styrki vegna æfingadvalar hjá BTK Rekord í Helsingborg í Svíþjóð keppnisárið 2025-2026

Gestur Gunnarsson fékk styrk vegna þátttöku sem keppandi og þjálfari á mótum í Trelleborg og Hróarskeldu.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, Helena Árnadóttir og Skúli Gunnarsson (sem þjálfari) fengu styrk vegna þátttöku á Ängby móti í Svíþjóð.

Hannes Þ. Guðrúnarson fékk styrk sem dómari á WFH í Halmstad í Svíþjóð.

Ingi Darvis Rodriguez fékk styrk til dvalar í Halmstad í Svíþjóð keppnisárið 2025-2026 til að helga sig borðtennisíþróttinni og m.a. keppa í Superettan með Vetlanda BTK.

Lúkas André Ólason og Marta Dögg Stefánsdóttir fengu styrk vegna þátttöku á móti í Hróarskeldu.

Magnús Gauti Úlfarsson fékk styrk vegna þátttöku í fjórum til níu sænskum mótum.

Sól Kristínardóttir Mixa fékk styrk til dvalar í Halmstad í Svíþjóð keppnisárið 2025-2026 til að helga sig borðtennisíþróttinni og m.a. keppa í Pingisligan með Åstorps BTK og í dönsku deildinni.

Þá var koma erlendra leikmanna á íslenskt mót styrkt á Reykjavík International Games 24. janúar 2025.

### ÍFR á Para Open í Malmö

Átta keppendur úr ÍFR tóku þátt í borðtennismóti fyrir fatlaða leikmenn í Malmö í Svíþjóð 7. og 8. febrúar 2026. Keppendurnir náðu flottum árangri og komu heim með fimm verðlaun. Allir keppendurnir unnu leik á mótinu og sumir unnu marga leiki.

Starf hreyfihamlaðra iðkenda hefur vaxið með eindæmum á árinu í ÍFR, Hátúni, Reykjavík undir stjórn þjálfarans Hákonar Atla Bjarkasonar, sem BTÍ fagnar.

### Áframhald eftir ITTF level 1 þjálfaranámskeiðið 2025

Af þeim 11 þjálfurum sem luku ITTF level 1 þjálfaranámskeiðinu í apríl 2025 hafa 7 lokið 30 tíma þjálfun, þar af 5 klst. með eftirliti og a.m.k. 5 klst. með fötluðum iðkendum. Hinir þjálfararnir halda áfram að vinna í tímunum.

### Dómgæsla og stjórnun

Ekki var haldið almennt alþjóðadómaranámskeið á árinu á vegum ITTF.

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ lauk vikulöngu námskeiði að nafni *ITTF Administration Course* í október 2025. Hún sótti aðalfundi Evrópska borðtennissambandsins (ETTU) í október í Zadar, Króatíu og Alþjóðaborðtennissambandsins (ITTF) í London, Englandi í maí – auk funda hjá Norður-Evrópska borðtennissambandinu (NETU) sem eru að jafnaði haldir daginn fyrir aðalfundi hinna sambandanna.

## 7. Borðtennisfólk ársins

### Guðbjörg Vala og Ingi Darvis borðtennisfólk ársins 2025

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR, og Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi, voru kjörin borðtennisfólk ársins 2025 í kosningu sem lauk þann 26. desember. Þau fengu hvort um sig yfir helming greiddra atkvæða. Þetta er í fyrsta skipti sem Guðbjörg Vala var kjörin borðtenniskona ársins. Ingi Darvis var áður kjörinn árin 2020, 2021 og 2024.



## 8. Umferð um vef Borðtennissambands Íslands og samfélagsmiðlar

Vefurinn bordtennis.is heldur áfram að fá mikla umferð. Á 12 mánuðum á keppnistímabilinu (maí 2025 – maí 2026) voru 229 fréttir birtar á vefnum og er áhugi á vefnum mikill. Alls voru um 126.000 síðuflettingar á vefnum sem er um 12,5% aukning frá fyrra ári. Mest umferð er í kringum Íslandsmót og deildarúrslit en einnig fá fréttir um erlend mót og landsliðsverkefni marga lestra. Mótaskráin er mikið lesin sem og lög og reglugerðir.

BTÍ hóf á tímabilinu notkun á kínverska samfélagsmiðlunum TikTok og hefur vakið talsverða athygli með myndböndum þar – einkum innanlands. Birt hafa verið myndbönd úr verkefninu Borðtennismaður mánaðarins sem hóf göngu sína með mánaðarlegum skrifum á [bordtennis.is](http://bordtennis.is) og fyrrnefndum myndböndum í ágúst 2025. Verkefninu er stýrt af Stefáni Ingvari Vigfússyni, sem ráðinn var sem verkefnastjóri BTÍ eftir ráðningarferli í júní 2025 – og lék sem borðtennismaður í KR á yngri árum. Að jafnaði horfa um 1.000 manns á hvert myndband á TikTok en þrjú vinsælustu myndböndin eru af Antoni Ólafssyni, Sól Kristínardóttur Mixa og Benedikt Aron Jóhannssyni, þar sem þau svara spurningum og segja skemmtilegar sögur.

BTÍ var áfram virkt á Instagram og Facebook á árinu. Tvær vinsælustu færslurnar á Instagram voru birtar í samstarfi við RÚV (myndband af sigri Sólar í meistaraflokki kvenna á Íslandsmótinu) og Parasport Iceland (viðtal við Agnesi Lovísu Jóhannsdóttur, ÍFR) sem hafa fengið tæplega 19 þúsund áhorf og rúmlega 14 þúsund áhorf þegar skýrsla þessi er skrifuð.

Þá jók BTÍ útsendingar frá mótum (sem vistaðar eru á YouTube-rás sambandsins) í krafti tæknikunnáttu Stefáns Ingvars.